

Mál nr. 105/2019**M og
V1 v/ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um sakarskiptingu vegna áreksturs í hringtorgi 22. desember 2018.****Gögn.**

Málskot, dags. 17.3.2019, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 1.4.2019.

Tölvupóstur V1, dags. 17.4.2019.

Málsatvik.

Á framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita, kemur fram að bifreið A hafi verið ekið inn í hringtorg og í vinstri beygju í aðdraganda áreksturs og bifreið B hafi einnig verið ekið í vinstri beygju og lent á bifreið A á sömu akrein þegar bifreiðin rann í hálfu. Teikning á sömu tjónstilkynningu sýnir að árekstur varð í hringtorgi. Ökumaður bifreiðar A lýsir atvikum þannig í tölvupósti dags. 17. febrúar 2019 að hún hafi verið komin inn í hringtorgið þegar ökumaður bifreiðar B hafi misst stjórn á bifreið sinni og þannig hafi hún runnið á bifreið A og ökumaður bifreiðar B hafi viðurkennt sök sína á vettvangi. Ökumaður bifreiðar B segir í handskrifaðri skýrslu sinni dags. 15. febrúar sl. að hún hafi verið aka í hringtorginu þegar ökumaður bifreiðar A hafi ekið bifreið sinni inn í hringtorgið í veg fyrir bifreið B og hafi hún því þurft að hemla og vegna hálfu hafi bifreiðarnar lent saman.

M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hún hafi misst stjórn á bifreið sinni í hálfu. V1 tekur undir sjónarmið M og telur meginorsök árekstursins vera hægt að rekja til ógætilegs aksturslags ökumanns bifreiðar B en til vara að skipta eigi sök til helminga.

V2 telur að ökumaður bifreiðar A (M) beri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem hún hafi ekki, við akstur inn í hringtorgið, veitt bifreið B forgang eins og henni bar skv. ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem komi fram að sá sem ætli að aka inn á veg skuli veita umferð um veginn forgang ef það sé gefið til kynna um umferðarmerki.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að við akstur inn á veg í hringtorgi því sem árekstur varð ber þeim sem ekur inn í hringtorgið að veita umferð um hringtorgið forgang vegna umferðarmerkis um biðskyldu, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sú skylda hvíldi á M sem ökumanni bifreiðar A m.v. þau gögn sem liggja fyrir í málinu. Ágreiningur málsins snýr að því hvort M hafi virt slíkan forgang nægilega og áreksturinn megi frekar rekja til óaðgæslu ökumanns bifreiðar B sem ekki gat stöðvað bifreið sína áður en hún lenti á bifreið A. Vegna skýrra lagafyrirmæla um forgang bifreiðar B við akstur um hringtorgið verður að leggja sönnunarbyrði á M um að hún sem ökumaður bifreiðar A hafi gætt þess nægilega vel að veita umferð um hringtorgið forgang þegar hún ók inn í það. Í málinu liggur ekki fyrir að sjónarvottar geti borið um fjarlægð milli bifreið þegar bifreið A var ekið inn í hringtorgið eða aðstæður sem leiða til þeirrar niðurstöðu að sannað sé að M hafi gætt þess forgangs. Verður að leggja hallann af slíkum sönnunarskorti á þann sem átti að veita forgang skv. 2.mgr. 25. gr. umferðarlaga. Ber ökumaður bifreiðar A því alla sök á árekstrinum og ekki er sannað að hann verði rakinn til óaðgæslu ökumanns bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 21. maí 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.